

## Verkefni í SÁL 103: 4. Kafli Verkefni 3

Í dæmunum hér á eftir er ýmist um að ræða **virka**- eða **viðbragðsskilyrðingu**. Þú gefur til að kynna um hvort námsferlið er að ræða, með því að gefa upp **ÓÁ**, **ÓS**, **SÁ** og **SS** þegar viðbragðsskilyrðing á í hlut. Þegar um virka skilyrðingu er að ræða tiltekur þú um hvaða **hegðun** er að ræða og hver **styrkirinn** er. Auk þess gefur þú til kynna hvort styrkirinn er jákvæður eða neikvæður, eftir því hvort um er að ræða jákvæða eða neikvæða styrkingu. Dæmi: Hegðun: vinna, Jákvæður styrkir: laun

Dæmi	<u>Virki skilyrðing</u> Hegðun, Styrkir	<u>Viðbragðsskilyrðing</u> ÓÁ, ÓS, SÁ, SS
Nemendur reyna að mæta á réttum tíma í kennslustundir til að koma í veg fyrir að kennarinn merki S (seinkoma) við þá í Innuna.		
Tónn olli því að 5-7 daga gömul börn depluðu augum eftir að hafa fengið blástur nokkrum sinnum í kjölfar tónsins		
Flestir stöðva við rautt ljós á gatnamótum til að forðast árekstra		
Svöng rotta ýtir á slá í búri til að fá mat.		
Margir fá vatn í munninn við það að sjá myndir af kræsingum í matreiðslubókum		

Dæmi	<u>Virk skilyrðing</u> Hegðun, Styrkir	<u>Viðbragðsskilyrðing</u> ÓÁ, ÓS, SÁ, SS
Konu sem átti vanda til sjóveiki, varð ómótt við það eitt að standa á bryggjunni		
Margir þjást af spilafíkn,sækja t.d í spilakassa sem gefa af sér peningavinninga.		
Halldór varð ofsa-hræddur við það að sjá tannborinn í höndum tannlæknisins.		
Guðmundur er iðinn við að læra heima því hann vill fá háar einkunnir		
Þegar heróínfíkill fær heróín í æð upplifir hann sæluvímu og slökun. Þegar hann kemur í það umhverfi sem hann er vanur að sprauta sig í finnur hann fyrir miklum óróleika og þirringi og honum langar mikið í heróín til að geta slakað á		
Hannes sá eitt sinn hræðilega hrylling-mynd. Þegar sumar senur myndarinnar stóðu yfir var hann skelfingu lostinn. Þessum senum fylgdi ákveðin tónlist sem átti að auka á óhugnaðinn. Seinna þegar Hannes heyrði þessa sömu tónlist fann hann fyrir vægri hræðslutilfinningu		

